

„STÓRHÆKKUN KOSTNAÐAR — SAMT SAMA VERÐ OG 1970“

— rætt við Sigurð Ólafsson lyfsala, eiganda Reykjavíkur Apóteks

Hvers vegna lenda lyfsalar oft í háum skattstiga? Af því að þeir hafa miklar tekjur, mætti ætla, en Sigurður Ólafsson, lyfsali og eigandi Reykjavíkur Apóteks, skýrir þetta á nokkuð annan veg. Lengi hafa menn séð lyfsalana á „gulllistanum“ yfir hæstu skattgreiðendur, í Reykjavík og annars staðar, og varla munu menn hafa átt von á, að apótekin berðust í bökkum, væru kannski að fara á höfuðið og hið elzta og grónasta þeirra segði upp nær öllu starfsfólki. Sigurður Ólafsson hefur orðið:

Hvers vegna rekstrar-örðugleikar?

„Út af stuttu samtali, sem blaðamaður Vísir átti við mig í fyrradag og kláusu í blaðinu vegna erfiðleika lyfjabúða, finnst mér rétt að taka fram eftirfarandi:

Að sjálfsögðu verða lyfsalar að greiða stofnkostnað lyfjabúðanna með ágóða af lyfjasölu og skyldum vörum. Það dæmi, sem tekið er sem sýnishorn, er að því leyti óheppilegt, að slík fjárfesting, 10 milljónir króna, er algerlega óraunhæf miðað við greiðslu á 10 árum, enda fráleitt, að nokkur mundi ætlast til þess, að verðlag lyfja gæti miðað við slíkt. Það mundi hins vegar nærri sanni, að vel búin lyfjabúð af meðalstærð í Reykjavík, fyrir 10-15 manna starfslið, mundi nú kosta minnst 10 milljónir króna, ef hún væri byggð sómasamlega að hætti annarra heilbrigðisstofnana, svo sem sjúkrahúsa.

Gjaldheimtan sendir óskalista og lyfsalar fara á gulllistann.

Mér er ókunnugt um, að slík kostakjör sem 20 ára lán liggja nú á lausu, en við getum hugsað okkur það sem dæmi. Þá yrðu afborganir 500 þúsund krónur árlega, sem leggjast þá við að minnsta kosti lyfjafræðingstekjur til einkaþarfa, og er þá auðséð, að gjaldheimtan sendir „óskalista“ til lyfsalans, sem nálgast milljón krónur. Þar með er hann á gulllistanum.

Ef að líkum lætur, njóta færri þeirra hlunninda að hafa stofnkostnað að láni til 20 ára, og þá hljóta afborganir hjá meðallyfjabúð, þótt hún væri ekki ný, að vera mörg hundruð þúsundir á ári og gengur þá dæmið upp eins og að framan.

Það sem að framan er sagt ætti að skýra fyrir fólki, hvers vegna lyfsalar lenda oft í háum skattstiga. Reksturinn er bundinn við nafn og allir skattar af honum koma á þá persónulega. Nokkrir hafa líka tekjur af öðrum rekstri, sem samtímis er lagt á til skatts.

Launakostnaður tiltölu-lega mikill

Hinn þátt málsins, það er að segja hvers vegna lyfjabúðir standa sérstaklega höllum fæti nú, mætti reifa í lengra máli. Mergurinn málsins er, að launakostnaður lyfjabúða er tiltölulega hærri en flestra annarra fyrirtækja, og stórfelldar hækkunar á þessum lið á síðastliðnu ári valda vandræðum, ásamt því, að verðlag lyfjaefna erlendis hefur stórhækkað á síðustu árum.

Auk þess lenda að sjálfsögðu á lyfjabúðum ótal kostnaðar hækkunar og álögur eins og önnur fyrirtæki.

Engu að síður skal vinna og efni samt selt á sama verði og 1970 — og álagning og vinnugjöld skulu vera óbreytt.

Lyfjaverðlagsnefnd hefur margsinis lagt til að úr verði bætt, en án árangurs“.

—HH



„Svo bregðast krosstré sem önnur tré“ — og lyfsalar segjast berjast í bökkum. Starfsfólki Reykjavíkur Apóteks hefur verið sagt upp.

SKRIFSTOFUM BREYTT Í HÓTEL — HÓTELUM Í SKRIFSTOFUR

Eigendaskipti væntanleg á tveimur hótélum í Reykjavík

Samningaviðræður eru nú að komast á lokastig um eigendaskipti á tveimur hótélum í Reykjavík. Annað þeirra, sem er í eigu Lúdvígs Hjálmtýssonar og er við Raudarárstíg er raunar enn í byggingu. Hið hótelið er Hótel Esja, en það hefur nú verið starfrækt í ein tvö ár.

Bráðabirgðasamningar hafa tekist milli húsbýggjendasjóðs Framsóknarflokksins og Lúdvígs Hjálmtýssonar um kaup á húsi hins síðarnefnda við Raudarárstíg fyrir 23,5 milljónir króna, að

því er Kristinn Finnbogason, helzti fjármálafrömuður Framsóknarflokksins sagði Vísir í morgun. Hann sagði, að flokkinn vantaði varanlega aðstöðu í skrifstofuhúsnæði og fundarsal. Því væri ætlunin, ef af kaupunum verður, að breyta út frá teikningu hússins a.m.k. að hluta og útbúa skrifstofur í því í stað hótélherbergja með salernum. Jafnvel gæti komið til greina að breyta öllu húsinu í skrifstofuhúsnæði.

Svona til skemmtunar og til merkis um skipulagsgáfur okkar

Íslendinga skal þess getið, að Hótel Esja var upphaflega teiknuð sem skrifstofuhúsnæði.

Þegar húsið hafði staðið fókheitt nokkur ár, var ákveðið að nota það sem hótél.

Flugfélag Íslands hefur nú í meira en ár hugleitt að kaupa hótelið og hafa samningaviðræður staðið öðru hvoru á milli flugfélagsins og eigenda hótelsins. Vísir hefur heyrt, að kaupverðið eigi að verða rúmar 300 milljónir króna.

—VJ

Samkomulag í verzlunar-skólanum

Samkomulag virðist nú komið á í Verzlunarskóla Íslands, en flestir muna skrif þau og tal, sem varð vegna kröfu nemenda skólans um bættu aðstöðu til félagslífs innan skólans. Að því er Gísli V. Einarsson formaður skólanefndar V.I. tjáði blaðinu í gjarmorgun, fól skólanefnd skólans að koma á skólaráðið innan skólans, en það var ein af þeim kröfum sem nemendur höfðu gert

Skólaráð hefur nú verið sett á laggirnar, og skipa það tveir nemendur, kosnir af nemendafélagi, tveir kennarar, skipaðir af kennarafélagi ásamt skólastjóra og yfirkennara. Í skólaráði verður síðan fjallað um aðrar kröfur, sem gerðar voru.

Sem kunnugt er fóru nemendur fram á að fá afnot af hátíðarsal skólans fimm kvöld í viku en hafa

nú þegar afnot af honum fjögur kvöld í viku. Tvö kvöld frjáls, en önnur tvö eru notuð undir æfingar fyrir nemendamat skólans. Sagði Gísli, að það færi fram í febrúarmánuði, og taldi hann, að eftir það yrði lítil starfsemi í félagslífi, þar sem þá er orðið stutt til prófa.

Nemendur fóru einnig fram á afnot af einni skólastofu, og er það mál í athugun og óskað eftir að þeir geri nánari grein fyrir því, hvernig stofan skuli notuð.

Við kjallara vélritunarhúss skólans verður ekki hreyft, að minnsta kosti ekki á þessu ári, að því er Gísli sagði. Það fjármagn, sem færi í innréttingu og fleira væri of mikið.

„Ég geri mér vonir um, að nú verði meira um skoðanaskipti á milli skólastjóra og nemenda, og það hefur ekki annað en jákvætt í för með sér“, sagði Gísli enn fremur.

—EA

Ja, hvílík þjónusta!

Eftir því sem póstmestari segir, hafa örfá bréf lent í hrakningum í jólaflóðinu og orðið viðskila. Vísir hefur þó séð það svart á hvítu, að póstur innanlands er ótrúlega lengi á leiðinni. Dæmi: Tvö bréf frá Hellissandi, annað stimplað 20. des., hitt ógreinilega stimplað (þurr púði hjá póstafræðingnum), en mjög trúlega sent á sama tíma, bárust blaðinu 3.

janúar. Bréf frá Reykholti í Borgarfirði, stimplað 20. des., var einnig nær hálfan mánuð á leiðinni til blaðsins. Þar sem um jólagetraun var að ræða, komu hinir ungu sendendur ekki til greina sem sigurvegarar að þessu sinni. Á sama tíma kom bréf frá Ísrael til blaðsins 3 dögum eftir að það var lagt í póst.

Hefur skammdegið slæm áhrif á sálarlíf Íslendinga?

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið á andlegri heilsu og ástandi fólks í svartasta skammdeginu í norðurhæruðum Noregs, hafa leitt í ljós, að myrkríð hefur slæm áhrif á sálarlíf fólksins.

Ekki fara Íslendingar varhluta af myrkrinu um vetrartímenn. Blaðið leitaði því upplýsinga hjá nokkrum mönnum um það hvort hér á landi væri algengt, að sálarlíf fólks væri í verra ásigkomulagi á veturna en yfir sumarið.

Kristinn Björnsson, sálfræðingur, sagðist ekki vita til, að nokkrar skipulagðar rannsóknir á þessu sviði hefðu verið gerðar hér á landi. Aftur á móti væru það margir, sem teldu sig verða fyrir áhrifum af myrkrinu í skammdeginu. Kristinn sagðist hafa heyrt marga segja slíkt, hvort sem það væri rétt eða ekki. Flestir, sem kvörtuðu undan sliku, segðust þjást af þunglyndi og svefnleysi yfir vetrarmánuðina. En ekki vildi Kristinn fullyrða neitt um, að slíkt væri almennt raunin hér.

Jónas Pálsson, sálfræðingur, sagðist ekkert hafa að byggja á, að myrkríð ylli þunglyndi eða sálarástand fólks væri verra í skammdeginu. Sagði hann, að hann vissi ekki um neinar rannsóknir á þessu hér. Sagði Jónas, að hann þekkti fólk, sem væri

niðurdregið í skammdeginu og meira bæri á þunglyndi hjá því um vetrarmánuðina en á sumrin og það lífnadi við, er lengja tæki dag. Svo væru aðrir, sem væru glaðir og líði vel í skammdeginu, svo að hann hefði lítið til að byggja á.

Tómas Helgason, yfirlæknir á Kleppsspítalanum, sagðist ekkert hafa til að byggja á, engar rannsóknir eða slíkt, og vildi því ekkert um málið segja.

—PM

